

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1973. Jafnframt falla úr gildi lög nr. 82 frá 29. desember 1967, um Bjargráðasjóð Íslands, lög nr. 84 frá 31. desember 1968, lög nr. 99 frá 31. desember 1969 og lög nr. 72 frá 30. apríl 1970, öll um breytingu á hinum fyrstnefndu lögum.

Gjört í Reykjavík, 26. maí 1972.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Hannibal Valdimarsson.

L Ö G

um breyting á sveitarstjórnarlögum, nr. 58 29. marz 1961.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Við 2. gr. laganna bætist:

Afréttarsvæði, sem ekki hefur þegar verið skipað innan staðarmarka neins sveitarfélags, skal teljast til þess sveitarfélags, sem þar á eignar- eða afnotarétt. Ef fleiri en eitt sveitarfélag eiga aðild að slíku landi og ekki er samkomulag um, hverju þeirra það skuli tilheyra, sker félagsmálaráðuneytið úr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 26. maí 1972.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Hannibal Valdimarsson.

L Ö G

um orlof húsmæðra.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Kvenfélagasamband Íslands skiptir landinu í orlofssvæði með tilliti til framkvæmdar laga þessara um orlof húsmæðra. Fer skiptingin fram á landsþingi sambandsins. Ekki má skipta sveitarfélagi milli orlofssvæða.

2. gr.

Héraðssambönd Kvenfélagasambands Íslands kjósa á ársfundi orlofsnefndir fyrir orlofssvæðin hver í sínu umdæmi.